



BÓKSAFN

Nemendum framhaldsskóla, með lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi, býðst að nýta sér lestraraðstöðu á Bókasafni á meðan COVID-19 faraldurinn hefur áhrif að skólasókn þeirra. Skrifstofa hreppsins er opin alla virka daga og geta nemendur komið kl. 8:00 og nýtt sér aðstöðuna til klukkan 16:00. Þeir nemendur sem búa utan Svalbarðseyrar geta nýtt sér þjónustu skólabílsins og þá er haft samband við okkur á skrifstofunni postur@svalbardsstrond.is og við komum skilaboðum til bílstjóra.



Almennar reglur um fjarlægð milli manna og sóttþreinsun gilda hér eins og annars staðar og vinnureglur á Bókasafninu eru eins og á öðrum bókasöfnum þar sem gestir sýna tillitsemi, slökkt er á farsímum og umgengni snyrtileg.

Sóttvarnarreglur hafa sett svip á skólabyrjun þessa önn og með þessu vill sveitarstjórn og Bókasafnið tryggja að nemendur hafi góða aðstöðu til náms, góða tölvutengingu og að við vinnum öll saman að því að aðstoða unga fólkið okkar á þessum undarlegu tímum. Félagsleg einangrun og brottfall úr skóla er eitthvað sem við viljum vinna gegn og vonandi nýtist þessi fína aðstaða, sem hér er, nemendum á framhalds- og háskólastigi.

GÁMASVÆÐI Á SVALBARÐSEYRI

Aðgangskerfi hefur verið sett upp á Gámasvæðinu á Svalbarðseyri. Aðgang fá einstaklingar með lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi og þjónustuaðilar. Aðgangur er í gegnum síma og sótt er um á aðgang á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps svalbardsstrond.is.

Með notkun aðgangsskilríkja verður allt utanumhald mun einfaldara og tryggja skilríkin rekjanleika ef á þarf að halda. Öll umgengni er skráð í gagnagrunn og eftirfylgni með slæmri umgengni auðvelduð.

FLOKKUM RÉTT ♻️

SVALBARÐSSTRÖND.IS

PÚ ÉRT Í MYND!

1 Almennt	5 Raftæki	9 Málning	13 Föt
2 Gler	6 Húsgögn	10 Kertavax	14 Fernur
3 Timbur	7 Olía	11 Pappi	15 Plast
4 Málmar	8 Rafgeymar	12 Dagblöð	16 Rafhlöður

ÞJÓNSTUAÐILANIR Á SVALBARÐSEYRI, FJÓRÐU SVALBARÐSSTRÖNDI

Það er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélagið að vel sé staðið að flokkun og frágangi sorps. Við þurfum að vinna saman að því að ganga vel um gámasvæðið, tryggja að rétt sé flokkað og kostnaði vegna reksturs gámasvæðisins og sorphirðu þannig haldið í lágmarki.

Í raun snýst þetta um fjármuni - um að við stofnum til aukins kostnaðar þegar illa er flokkað og umgengni eftir því, eða við lækkum kostnað þegar vel er flokkað og hægt að endurnýta sorpið okkar. Við viljum minnka það sorp sem fer í urðun og spara okkar þannig mikinn kostnað, fjármuni sem við höfum þörf fyrir í önnur verkefni.

Góðar upplýsingar verða á Gámasvæðinu um þá flokka sem flokkað er eftir, sett hefur verið upp grenndarstöð þar sem tekið er á móti t.d. fatnaði, vaxi og rafhlöðum en með þessari viðbót flokkum við í 16 flokka. Upplýsingar um flokkun og umgengni á Gámasvæðinu verður að finna á heimasíðu sveitarfélgsins og þegar færi gefst og fjöldatakmarkanir setja okkur ekki skorður, verður haldið námskeið fyrir þá sem vilja verða alburða flokkarar.

Gert er ráð fyrir að aðgangsstýring hefjist um miðjan október og þeir sem vilja verða sér út um aðgang fara á heimasíðu sveitarfélgsins og fylla út umsóknareyðublað.

DEILISKIPULAG FYRIR SVALBARÐSEYRI, LAUGARTÚN OG SMÁRATÚN

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum, 19. október 2020, að auglýsa eftir ábendingum, tillögum og sjónarmiðum vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu vegna deiliskipulags Laugartúns og Smáratúns. Skipulagslýsing liggur



frammi í Ráðhúsi Svalbarðsstrandarhrepps og í upphafi verks er óskað eftir því að umsagnaraðilar og almenningur leggi fram sjónarmið og ábendingar, sem að gagni geta komið við gerð skipulags. Í framhaldi verða unnin drög að skipulagi sem kynnt verða á opnum íbúa- og samráðsfundi eða á annan fullnægjandi hátt. Fullunnin skipulagstillaga verður síðan auglýst og þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur. Ábendingar, tillögur og sjónarmið skulu send til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi 605 Akureyri eða sbe@sbe.is

NÆSTU RUSLADAGAR

29. október - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp

12. nóvember - Almennt/lífrænt sorp